DÓMUR DÓMSTÓLSINS

28. ágúst 2014*

(34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls – Kæra úrskurðar um að leita ráðgefandi álits – Verðtrygging veðlána – Tilskipun 87/102/EBE – Tilskipun 93/13/EBE – Meginreglurnar um jafnræði við málsmeðferð og skilvirka framkvæmd EES-réttar)

Mál E-25/13,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli

Gunnars V. Engilbertssonar

gegn

Íslandsbanka hf.

um túlkun á tilskipun 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Carl Baudenbacher, forseta og framsögumanni, Per Christiansen og Páli Hreinssyni,

dómritari: Gunnar Selvik,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Stefnanda, Gunnari V. Engilbertssyni, í fyrirsvari er Einar Páll Tamimi, hdl., sem nýtur aðstoðar Guðrúnar Ingu Torfadóttur, hdl.
- Stefnda, Íslandsbanka hf., í fyrirsvari er Áslaug Árnadóttir, hdl. og henni til aðstoðar sem lögfræðilegur ráðgjafi er Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.

*Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Ríkisstjórn Íslands, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Anna Katrín Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu og Eiríkur Áki Eggertsson, lögfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Lögfræðilegir ráðgjafar þeirra eru Andri Árnason, hrl., og Stefán Andrew Svensson, hrl.
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Xavier Lewis, framkvæmdastjóri, Markus Schneider, aðstoðarframkvæmdastjóri, og Auður Ýr Steinarsdóttir, lögfræðingur, á lögfræði- og framkvæmdasviði.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Michel Van Beek og Nicola Yerrell, hjá lagaskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar.

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings lögmanns stefnanda, Einars Páls Tamimi, lögmanns stefnda, Áslaugar Árnadóttur, málflutningsmanns ríkisstjórnar Íslands, Stefáns Andrew Sveinssonar, fulltrúa ESA, Markus Schneider, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Nicola Yerrell, sem fram fór 9. apríl 2014,

kveðið upp svofelldan

Dóm

I Löggjöf

EES-réttur

1 Í 3. gr. EES-samningsins segir:

> *Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir.*
>
> *Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.*
>
> *Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.*

2 Í 7. gr. EES-samningsins segir:

> *Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:*

(a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;

(b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

Tilskipun 93/13/EBE

3 Tilskipun ráðsins 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. ESB 1993 L 95, bls. 29) var tekin upp í XIX. viðauka EES-samningsins, í lið 7a.

4 Í 6., 13., 20. og 24. lið formálsorða tilskipunarinnar segir:

Til að greiða fyrir stofnun innri markaðar og tryggja rétt borgarans í hlutverki neytanda við kaup á vöru og þjónustu samkvæmt samningum sem lög annarra aðildarríkja en hans eigin gilda um er mikilvægt að nema burt óréttmæta skilmála úr slíkum samningum.

[...]

Talið er að lög og stjórnsýsluákvæði aðildarríkjanna, sem beint eða óbeint ákvarða skilmála neytendasamninga, feli ekki í sér óréttmæta skilmála. Það virðist því ekki nauðsynlegt að láta ákvæði þessarar tilskipunar ná til skilmála sem endurspegla lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði og meginreglur eða ákvæði alþjóðasamninga sem aðildarríkin eða bandalagið er aðili að. Orðalagið „lög og bindandi stjórnsýsluákvæði“ í 2. mgr. 1. gr. á einnig við um reglur sem samkvæmt lögum gilda í samskiptum samningsaðila, nema samið hafi verið um aðra skipan.

[…]

Samningar skulu orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli, neytandi skal fá tækifæri til þess að skoða alla skilmála og í vafamálum gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best.

[…]

Dómstólar og stjórnvöld aðildarríkjanna verða að eiga tiltækar réttar og árangursríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun óréttmætra skilmála í neytendasamningum.

5 Í 1. gr. tilskipunarinnar segir:

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um óréttmæta skilmála í samningum milli seljanda eða veitanda og neytanda.

2. Þessi tilskipun nær ekki til samningsskilmála sem endurspegla lög og bindandi stjórnsýsluákvæði og ákvæði eða meginreglur í alþjóðasamningum sem aðildarríkin eða bandalagið eiga aðild að, m.a. á sviði flutningamála.

6 Í 2. gr. tilskipunarinnar segir:

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

(a) „óréttmætir skilmálar“: samningsskilmálar samkvæmt skilgreiningu í 3. gr.;

(b) „neytandi“: einstaklingur sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðru skyni en vegna starfs síns;

(c) „seljandi eða veitandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti vegna starfs síns, hvort sem það er opinbert starf eða ekki.

7 Í 3. gr. tilskipunarinnar segir:

1. Samningsskilmáli sem hefur ekki verið samið um sérstaklega telst óréttmætur ef hann, þrátt fyrir skilyrðið um „góða trú“, veldur umtalsverðu ójafnvægi réttinda og skyldna samningsaðila samkvæmt samningnum, neytanda til tjóns.

2. Ekki telst hafa verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrirfram og neytandi því ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni skilmálans, einkum þegar um er ræða fastorðaða staðalsamninga.

Þótt samið hafi verið sérstaklega um einstök atriði samningsskilmála eða einn tiltekinn samningsskilmála, þá gildir þessi grein áfram um afganginn af samningnum ef heildarmat á samningnum sýnir að hann er þrátt fyrir það fastorðaður staðalsamningur.

Ef seljandi eða veitandi heldur því fram að samið hafi verið sérstaklega um staðalskilmála er sönnunarbyrðin hans.

3. Í viðaukanum er skrá, leiðbeinandi en ekki tæmandi, yfir samningsskilmála sem teljast óréttmætir.

8 Í 4. gr. tilskipunarinnar segir:

1. Með fyrirvara um 7. gr. skal við mat á því hvort samningsskilmáli er óréttmætur taka tillit til þess um hvers konar vörur eða þjónustu samningurinn er og hafa hliðsjón af öllum aðstæðum á þeim tíma sem samningurinn er gerður og öllum öðrum skilmálum samningsins eða annars samnings sem hann hangir saman við.

2. Matið á því hvort samningsskilmálar séu óréttmætir nær hvorki til skilgreiningar á aðalefni samningsins né samræmis milli verðs og vara eða

þjónustu og greiðslu fyrir hana ef þessir skilmálar eru orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli.

9 Í 5. gr. tilskipunarinnar segir:

Í samningum þar sem allir eða tilteknir skilmálar sem neytanda eru boðnir eru skriflegir skulu skilmálarnir ávallt orðaðir á eðlilegu, skiljanlegu máli. Í vafamálum um túlkun skilmála gildir sú túlkun sem neytandanum kemur best. Þessi túlkunarregla gildir ekki í tengslum við málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

10 Í 6. gr. tilskipunarinnar segir:

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir um að óréttmætir skilmálar í samningi seljanda eða veitanda við neytanda séu ekki samkvæmt landslögum þeirra bindandi fyrir neytandann og að samningurinn verði áfram bindandi fyrir samningsaðila ef hann getur haldið gildi sínu að öðru leyti án óréttmætu skilmálanna.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd sem þessi tilskipun veitir honum við það að lög lands utan bandalagsins eru valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef hann tengist náið yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

11 Í viðauka tilskipunarinnar segir:

Samningsskilmálar sem um getur í 3. mgr. 3. gr.

1. Samningsskilmálar sem hafa að markmiði eða þau áhrif:

...

(l) að gera ráð fyrir að vöruverð sé ákveðið við afhendingu eða heimila seljanda vöru eða veitanda þjónustu að hækka verðið án þess, í báðum tilvikum, að veita neytandanum tilsvarandi rétt til að ógilda samning ef endanlegt verð er of hátt samanborið við umsamið verð við gerð samnings;

...

2. Gildissvið g-, j- og l-liðar:

...

(c) Ákvæði g-, j- og l-liðar gilda ekki um:

- viðskipti með framseljanleg verðbréf, fjármálapappíra og aðrar vörur eða þjónustu ef verðið er bundið breytingum á vísitölu, markaðsverði verðbréfa eða vöxtum á fjármagnsmarkaði sem seljandinn eða veitandinn hefur ekki áhrif á;

- ...

(d) Ákvæði l-liðar koma ekki í veg fyrir löglega vísitölubindingu ef aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi.

Landsréttur

Lög nr. 7/1936

12 Tilskipunin var leidd í lög á Íslandi með lögum nr. 14/1995 sem breyttu 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (samningalög) auk þess að bæta fjórum greinum við þau, 36. gr. a., 36. gr. b., 36. gr. c. og 36. gr. d.

13 Í 1. mgr. 36. gr. samningalaga segir að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. þó 36. gr. c. Hið sama eigi við um aðra löggerninga.

14 Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skal við mat samkvæmt 1. mgr. líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

15 Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. a. gilda ákvæði 36. gr. a–d um samninga, meðal annars samningsskilmála, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda. Sjá hér ennfremur 36. gr. d.

16 36. gr. b. kveður á um að skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skuli túlka samninginn neytandanum í hag.

17 Samkvæmt 36. gr. c. gilda ákvæði 36. gr. um samninga samkvæmt 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 36. gr. c.

18 Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. c. skal, við mat á því hvort samningur sé ósanngjarn, líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., meðal annars skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.

19 Í 3. mgr. 36. gr. c. segir að samningur teljist ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

Lög nr. 38/2001

20 Almenn heimild til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár var fyrst veitt með lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. og hafa ákvæði um það efni verið í lögum síðan. Núgildandi reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár er að finna í VI. kafla laga nr.

38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ákvæði kaflans eru ófrávíkjanleg, ef frá eru taldar þær undanþágur sem kveðið er á um í 2. gr.

21 Í samræmi við 13. gr. laganna gilda ákvæði VI. kafla þeirra um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Þar kemur einnig fram að með verðtryggingu sé í þessum kafla laganna átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu og að um heimildir til verðtryggingar fari samkvæmt 14. gr. nema lög kveði á um annað.

22 Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. er heimilt að verðtryggja sparifé og lánsfé samkvæmt 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar. Í 2. mgr. 14. gr. segir að í lánssamningi sé þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.

23 1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/2001 kemur fram að Seðlabanki Íslands geti að fengnu samþykki ráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Þá setur Seðlabankinn nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Reglur Seðlabanka Íslands nr. 492/2001

24 Á grundvelli 15. gr. laga nr. 38/2001 setti Seðlabankinn reglur nr. 492/2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

25 1. gr. reglnanna kveður á um að verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðað við innlenda verðvísitölu skuli miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsi hana mánaðarlega, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, nema lög kveði á um annað.

26 Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglnanna er verðtrygging láns með ákvæði um að höfuðstóll þess miðist við vísitölu neysluverðs því aðeins heimil að lánið sé til fimm ára hið minnsta. Í 2. mgr. segir að höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

27 Í 3. mgr. 4. gr. reglnanna segir að gjalddagar láns skuli allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en

lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr. Í 4. mgr. er veitt heimild til að semja svo um í fjármálagerningum, sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði samanber lög nr. 110/2007 um kauphallir, að á útborgunardegi láns og greiðsludegi afborgana og vaxta miðist verðbætur innan mánaðar við daglega línulega breytingu á vísitölu neysluverðs, það er milli gildis hennar á fyrsta degi mánaðar og gildis hennar á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir. Loks segir í 5. mgr. að á kvittunum skuli jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

28 Samkvæmt 5. gr. reglnanna er þó heimilt að í lánssamningum sé miðað við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna, sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Um lánstíma gilda ákvæði 1. mgr. 4. gr. og tæknileg útfærsla í skuldaskjölum fer eftir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr. eins og við getur átt.

Lög nr. 12/1995

29 Í lögum nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs er að finna ákvæði um aðferðir við útreikning vísitölu neysluverðs. Þar segir að Hagstofa Íslands skuli reikna og birta vísitöluna mánaðarlega. Hún skal reist á grunni sem Hagstofan ákveður samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar. Vísitalan skal svo sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er sérstök nefnd Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar og fylgist með reglubundnum útreikningi hennar.

Lög nr. 121/1994

30 Á útgáfudegi skuldabréfsins (sjá 33. mgr. hér að neðan) voru í gildi lög nr. 121/1994 um neytendalán. Lögin leiddu tilskipun 87/102/EBE í íslenskan rétt, en í stað þeirra komu lög nr. 33/2013 sem tóku gildi 1. nóvember 2013 og innleiddu tilskipun 2008/48/EB. Fyrri tilskipunin kveður á um skilyrði til upplýsingagjafar að því er neytendalán varðar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. hennar eiga ákvæði 4. gr. og 6. til 12. gr. ekki við um lánssamninga eða samninga um loforð um lánveitingu sem tryggð sé með fasteignaveði, að því marki sem slíkt er ekki þegar undanþegið tilskipuninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 2. gr. Með lögum nr. 179/2000, sem breyttu lögum nr. 121/1994, ákvað íslenski löggjafinn þó að ákvæði tilskipunar 87/102/EBE skyldu ná til veðlána.

31 12. gr. laga nr. 121/1994 varðar lánssamninga sem heimila verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður. Samkvæmt greininni skal í slíkum tilvikum reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Í greininni er jafnframt mælt fyrir um að þegar árleg hlutfallstala kostnaðar sé reiknuð skuli gera ráð fyrir eftirfarandi: (i) Ef engin hámarksupphæð er tilgreind í lánssamningi skal hámarksupphæð láns, sem veitt er, teljast 150.000 kr.; (ii) Ef ekki er tilgreindur ákveðinn lánstími og ekki er unnt að ráða hann af samningi skal lánstími talinn eitt ár; (iii) Ef í samningi er kveðið á um fleiri en einn greiðsludag skal ganga út frá endurgreiðslu á þeim tíma sem samningur kveður fyrst á um.

II Málavextir og meðferð málsins

32 Með bréfi dagsettu 5. nóvember 2013, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 12. nóvember sama ár, óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftir ráðgefandi áliti í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli Gunnars V. Engilbertssonar og Íslandsbanka hf.

33 Stefnandi tók á árunum 2005 og 2007 þrjú lán í formi veðskuldabréfa til fasteignakaupa í Reykjavík. 2. maí 2007 var síðasta skuldabréfið gefið út. Í fyrirsögn skuldabréfsins sagði að það væri „bundið vísitölu neysluverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði“. Einnig kom fram nafn útgefanda skuldabréfsins, lánstími, fjöldi afborgana og mánuðir milli þeirra, gjalddagi fyrstu afborgunar, upphafstími vaxtaútreiknings og inn á hvaða reikning láninu skyldi ráðstafað. Þá sagði í sérstökum reit að grunnvísitalan væri 267,1 stig.

34 Í 1. gr. skuldabréfsins sagði: „höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu samkvæmt ofanskráðu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga.“ Þar var einnig ákvæði um hvernig færi um þær breytingar á höfuðstól skuldarinnar sem fylgdu, en um þær sagði: „Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.“ Um afborganirnar sagði svo: „Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan er deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem er í það sinn.“

35 Með skuldabréfinu fylgdi greiðsluáætlun sem var undirrituð af báðum aðilum sama dag og skuldabréfið sjálft. Hún tilgreindi alla 180 gjalddaga skuldabréfsins og hverjar yrðu eftirstöðvar skuldarinnar hverju sinni, heildargreiðslu á hverjum gjalddaga og hvernig hún sundurliðaðist í afborganir, vexti og kostnað. Þá var í greiðsluáætluninni ákvæði þar sem fram var tekið að áætlunin byggðist á „núgildandi vísitölu“ (og þeim vöxtum og verðskrám sem í gildi voru hjá bankanum) og að „[þ]eir þættir [gætu] tekið breytingum í samræmi við ákvæði lánssamningsins.“ Enn fremur sagði: „Ef lánsfjárhæð er breytileg og/eða lánstími óákveðinn er áætlunin byggð í dæmaskyni eingöngu á tilteknum upphæðum og eins árs lánstíma.“ Tekið var fram að greiðsluáætlunin væri hluti viðhengds lánssamnings. Jafnframt staðfesti lántaki að hafa móttekið og kynnt sér greiðsluáætlunina. Loks innihélt skuldabréfið ákvæði um heimild til gjaldfellingar allrar skuldarinnar við greiðslufall á afborgunum auk heimildar til fjárnámsgerðar til fullnustu hennar án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt lögum nr. 90/1989 um aðför.

36 Í lánsumsókn, sem einnig er dagsett 2. maí 2007, segir að hún sé fylgiskjal með fyrrnefndu skuldabréfi og að veð fyrir skuldinni sé fasteign stefnanda í Reykjavík.

37 Frá miðju ári 2009 hefur stefnandi ekki greitt af skuldabréfinu. Að kröfu stefnda gerði sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám í eignarhluta stefnanda í fasteigninni í Reykjavík vegna áhvílandi veðbanda á grundvelli aðfararheimildarinnar í skuldabréfinu. Við fjárnámið mótmælti stefnandi framgangi gerðarinnar. Mótmælin voru á því reist að verðtryggingarákvæði skuldabréfsins væru ólögmæt og í andstöðu við 36. gr. og 36.

gr. a. til c. laga nr. 7/1936. Sýslumaður féllst ekki á mótmæli stefnanda og stefnandi lagði málið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem hann krafðist þess að gerðin yrði felld úr gildi.

38 Stefnandi heldur því fram að ekki hafi verið samið sérstaklega um verðtryggingarákvæðið og það sé óréttmætt samningsákvæði, andstætt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Á grundvelli 3. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar hafi borið að túlka samsvarandi ákvæði landsréttar þannig að hinum óréttmæta samningi yrði vikið til hliðar. Jafnframt telur stefnandi að 36. gr. laga nr. 7/1936 geti ekki talist nægilegur grundvöllur til að víkja ákvæðinu til hliðar. Sú grein mæli einungis fyrir um heimild til ógildingar en ekki skyldu.

39 Stefnandi heldur því þar að auki fram að framkvæmd verðtryggingarinnar hafi ekki verið útskýrð til fulls í skuldabréfinu og því hafi hann ekki skilið þá fjárhagslegu áhættu og afleiðingar sem hárri verðbólgu fylgja. Að hans mati gæfi greiðsluáætlunin ekki raunhæfa mynd af því hvernig höfuðstóll skuldarinnar og afborganirnar myndu þróast á lánstímanum.

40 Stefndi hafnar sjónarmiðum stefnanda. Hann telur að verðtrygging hafi verið heimil lögum samkvæmt og að lánið hafi uppfyllt öll viðeigandi skilyrði. Hvað sem því líður sé ekki unnt að víkja til hliðar fyrirmælum skuldabréfsins um verðtryggingu án þess að raska öðrum ákvæðum þess. Stefndi telur jafnframt að tilskipunin hafi verið réttilega innleidd í landsrétt því samkvæmt 7. gr. EES-samningsins hafi íslenski löggjafinn val um form og aðferð við innleiðingu tilskipana. Niðurstaða þessa máls ráðist því, að mati stefnda, af túlkun laga nr. 7/1936, þar sem tilskipanir hafi ekki bein réttaráhrif.

41 Stefndi telur að viðauki tilskipunarinnar hafi ekki verið innleiddur en það hafi ekki verið skylt þar sem listinn í viðaukanum sé aðeins til leiðbeiningar og ekki tæmandi.

42 Samkvæmt stefnda komi skýrt fram í skuldabréfinu að höfuðstóll lánsins breytist, í samræmi við ákvæði landsréttar, í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu sem einnig komi skilmerkilega fram í skjalinu.

43 Með úrskurði 4. júlí 2013 féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á beiðni stefnanda um að leita ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólnum á fyrstu spurningu hans en ekki á annarri spurningunni. Stefndi kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands sem ákvað að beina neðangreindum spurningum til EFTA-dómstólsins.

44 Með vísan til bréfs Hæstaréttar Íslands frá 8. október 2013 og dóms hans frá sama degi í máli nr. 489/2013 beindi Héraðsdómur Reykjavíkur eftirfarandi spurningum til EFTA-dómstólsins:

1. *Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur neytanda og veitanda um lán til fjármögnunar fasteignakaupa hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni vísitölu?*

2. *Ef svarið við fyrstu spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af láni sem tekið er til fjármögnunar fasteignakaupa sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í öðru lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi samningsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar?*

3. *Ef svarið við annarri spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm samningsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í þriðja lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsaminn í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánssamningsins, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?*

4. *Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánssamningi um fjármögnun fasteignakaupa hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d. liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í þriðju spurningunni?*

5. *Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?*

45 Með bréfi dagsettu 1. apríl 2014 leitaði dómstóllinn svara hjá aðilum málsins við því hvort máli skipti við úrlausn málsins, líkt og stefndi hélt fram í skriflegri greinargerð, að íslenski löggjafinn hafi, með lögum nr. 179/2000 sem breyttu lögum nr. 121/1994, ákveðið að ákvæði tilskipunar 87/102/EBE skyldu ná til veðlána og þá að hvaða marki.

46 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og skriflegra greinargerða sem dómstólnum bárust. Verða þau ekki rakin frekar nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

III Umfang beiðni landsdómstólsins

47 Stefnandi heldur því fram að spurningarnar sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til EFTA-dómstólsins taki ekki að öllu leyti til sömu atriða og þær spurningar sem til stóð að héraðsdómurinn beindi til hans áður en Hæstiréttur kvað upp sinn dóm. Þar af leiðandi leggur stefnandi til að upphaflegu spurningum héraðsdóms verði svarað auk þeirra sem héraðsdómurinn hefur nú beint til dómstólsins.

48 Dómstóllinn minnir á að það er einungis landsdómstólsins, sem málið hefur verið lagt fyrir og sem axla verður ábyrgð á eftirfarandi dómsniðurstöðu, að meta bæði þörfina á ráðgefandi áliti til að hann geti kveðið upp dóm og mikilvægi spurninganna sem hann vísar til EFTA-dómstólsins í ljósi þeirra tilteknu aðstæðna sem uppi eru í málinu (sjá mál E-13/11 *Granville Establishment* gegn *Volker Anhalt, Melanie Anhalt and Jasmin Barbaro, née Anhalt* [2012] EFTA Ct. Rep. 400, 18. mgr.).

49 Jafnvel þó að ákvörðunin um að óska eftir ráðgefandi áliti sé í raun oft tekin að beiðni annars eða beggja aðila í innlendu málsmeðferðinni er samstarf dómstólsins og landsdómstólsins algerlega óháð frumkvæði aðilanna (sjá mál E-18/11 *Irish Bank Resolution Corporation Ltd* gegn *Kaupþing hf* („*Irish Bank*“) [2012] EFTA Ct. Rep. 592, 55. og 56. mgr.). Ganga verður út frá því fyrirfram að spurningar landsdómstóls eigi erindi til dómstólsins. Telja verður að sömu sjónarmið eigi almennt við um það hvernig landsdómstólar hafa með rökstuddum hætti afmarkað efni og umfang þeirra spurninga sem vísað er til dómstólsins (sjá mál E-10/12 *Yngvi Harðarson* gegn *Askar Capital hf.* [2013] EFTA Ct. Rep. 204, 38. og 41. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).

50 Öfugt við stöðuna sem uppi var í máli *Irish Bank* virðist af beiðninni í þessu máli sem hinn þar til bæri landsdómstóll hafi ákveðið að beina spurningunum til EFTA-dómstólsins eins og þær voru orðaðar í dómi Hæstaréttar Íslands.

51 Dómurinn mun því svara spurningunum eins og þær voru orðaðar í beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. nóvember 2013.

IV Svör dómsins

Gildissvið tilskipunar ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán

52 Til þess að unnt sé að veita landsdómstólnum gagnlegt svar tekur dómstóllinn mið af öllum atriðum sem landsdómstóllinn leggur fram í beiðni um ráðgefandi álit. Er þá einkum litið til rökstuðningsins að baki ákvörðuninni um að leita ráðgefandi álits svo og þeirra þátta EES-réttar sem nauðsynlegt er að túlka að teknu tilliti til sakarefnisins. Í því sambandi kann dómstóllinn að takmarka umfjöllun sína og túlkun við þau ákvæði EES-réttar sem nýtast landsdómstólnum sem hefur það verkefni að túlka ákvæði landsréttar og taka afstöðu til hvernig þau samræmast EES-rétti (sjá áður tilvitnað mál *Yngva Harðarsonar*, 39. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).

53 Af skriflegum greinargerðum í máli þessu virðist mega ráða að íslenski löggjafinn hafi mælt fyrir um að ákvæði tilskipunar ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, eins og þau voru tekin upp í lið 7h í XIX. viðauka við EES-samninginn, skyldu einnig ná til aðstæðna innanlands í þeim skilningi að með lögum nr. 179/2000 sem breyttu lögum nr. 121/1994 var tilskipun 87/102/EBE einnig beitt um veðlán.

54 Það er í samræmi við dómvenju að þegar reglur landsréttar sem einungis eiga við aðstæður innanlands byggjast á sömu eða svipuðum lausnum og EES-réttur, í þeim tilgangi að forðast röskun á samkeppni, er það EES-samstarfinu í hag að komið sé í veg fyrir ólíka túlkun í framtíðinni. Af þeim sökum verður að gæta samræmis við túlkun reglna eða hugtaka sem fengin eru úr EES-rétti óháð þeim aðstæðum sem þau eiga við um (sjá mál E-17/11 *Aresbank S.A.* gegn *Landsbankanum hf., Fjármálaeftirlitinu og Íslandi* [2012] EFTA Ct. Rep. 916, 45. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).

55 Hins vegar er óljóst í máli þessu, að teknu tilliti til efnis deilunnar, hvort tilskipun 87/102/EBE um neytendalán og/eða samband hennar við tilskipun 93/13/EBE þarfnist túlkunar og ef svo er að hvaða marki.

56 Þar af leiðandi mun dómstóllinn takmarka svör sín við greiningu ákvæða tilskipunar 93/13/EBE og mun ekki veita leiðsögn um túlkun tilskipunar 87/102/EBE. Það fellur í hlut landsdómstólsins sem leitar ráðgefandi álits að leggja mat á það hvort hann telji hið ráðgefandi álit veita nægilega leiðsögn eða hvort leita þurfi frekara álits hjá dómstólnum (sjá mál E-2/12 INT *HOB-vín ehf.* [2013] EFTA Ct. Rep. 816, 14. mgr.).

Gildissvið tilskipunar 93/13/EBE

57 Stefndi, Ísland og ESA hafa öll, bæði í skriflegum greinargerðum sínum og við munnlegan málflutning, látið í ljós efasemdir um það hvort samningsskilmálarnir sem deilt er um falli undir gildissvið tilskipunarinnar. Þau benda á að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. nái tilskipunin ekki til samningsskilmála sem endurspegla lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði landsréttar.

58 Ekki er fjallað um þetta atriði í spurningunum sem beint var til dómstólsins. Það leiðir þó af því hlutverki dómstólsins að veita álit varðandi öll túlkunaratriði EES-réttar sem geta orðið landsdómstólnum að liði við að komast að niðurstöðu í máli þessu að leggja verður mat á það, í upphafi, hvort samningsskilmálar um verðtryggingu afborgana veðláns eins og þess sem fjallað er um í þessu máli skuli teljast ófrávíkjanlegir samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

59 Stefndi og ESA halda því fram að þegar landslög hafi að geyma reglur sem taki, beint eða óbeint, til skilmála neytendasamninga sé neytandi almennt ekki í verri samningsaðstöðu og þurfi því ekki á sömu vernd að halda þar sem búið sé að jafna aðstöðumuninn. Því komi fram í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar að hún nái ekki til samningsskilmála sem endurspegla lög eða stjórnsýsluákvæði landsréttar.

60 Stefndi telur að verðtryggingin sem deilt er um í þessu máli byggist á reglum sem verði að teljast ófrávíkjanlegar. Ekki sé skylt að verðtryggja veðlán en það sé venjuhelguð og almenn leið til að takast á við hættu á verðbólgu. Ef samningsaðilar samþykkja að lán skuli verðtryggt verði verðtryggingin að vera í samræmi við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt reglum laga nr. 12/1995 skuli Hagstofa Íslands

enn fremur annast útreikning á vísitölu neysluverðs sem verðtryggingin verði sömuleiðis að byggjast á. Þá telur stefndi að hin umdeildu verðtryggingarákvæði séu í samræmi við viðeigandi reglur laga nr. 38/2001 og nr. 12/1995.

61 Ríkisstjórn Íslands telur að orðalagið „lög og bindandi stjórnsýsluákvæði“ í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar taki ekki einungis til ófrávíkjanlegra laga sem eiga við um samningsskilmála heldur einnig til skilmála sem samkvæmt lögum gilda í samskiptum samningsaðila nema samið hafi verið um aðra skipan.

62 ESA telur að samningsskilmálar sem endurspegla ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla sem eiga við um ákveðna flokka samninga séu undanskildir gildissviði tilskipunarinnar skv. 2. mgr. 1. gr. hennar og að sú sé raunin í máli þessu. ESA telur að nákvæm ákvæði landsréttar taki á flestu sem við kemur verðtryggingunni og útreikningi á vísitölu neysluverðs sem hún er tengd við. Þessar lagareglur teljist ekki bindandi í þeim skilningi að neytendum sé skylt að gangast undir verðtryggða lánssamninga. Ef einkaaðilar ákveða hins vegar að gera það séu skilmálar verðtryggingarinnar eins og kveðið er á um þá í landsrétti bindandi. Skilmálar skuldabréfa og greiðsluáætlana, eins og þeirra sem um ræðir í máli þessu, ráðist því að minnsta kosti óbeint af áðurnefndum ákvæðum.

63 Stefnandi heldur því hins vegar fram að tilskipunin eigi við um hinn umdeilda veðlánagerning. Það leiði hvorki af formálsorðum tilskipunarinnar né dómaframkvæmd að hann sé undanþeginn gildissviði hennar. Undanþágur 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar eigi ekki við um hina umdeildu verðtryggingarskilmála. Veðlánagerningurinn sem batt skyldur lántaka við vísitölu neysluverðs endurspegli ekki bindandi ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla í skilningi þeirrar greinar. Jafnvel þó að í fyrstu mætti ætla að undanþága 2. mgr. 1. gr. ætti við væri beiting hennar útilokuð þar sem upplýsa þurfi neytanda um ófrávíkjanleg ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla og stefndi hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að því er varðar lög nr. 12/1995.

64 Að mati framkvæmdastjórnarinnar leiðir það af 13. lið formálsorða tilskipunarinnar að 2. mgr. 1. gr. hennar sé ætlað að ná til samningsskilmála sem stjórnast af ákvæðum landsréttar eða varaskilmála sem gilda þegar aðilarnir hafa ekki samið sérstaklega um annað. Rökin að baki 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar séu þau að með réttu megi gera ráð fyrir því að löggjafi aðildarríkis hafi þegar leitað jafnvægis milli allra réttinda og skyldna aðila í ákveðnum tegundum af samningum.

65 Framkvæmdastjórnin telur jafnframt að verðtryggingin falli undir ákvæði íslenskra laga nr. 38/2001. 14. gr. þeirra laga heimili verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar. Þannig hafi löggjafinn með skýrum hætti vegið hagsmuni aðila lánssamninga og gefið kost á verðtryggingu með ákveðnum skýrt afmörkuðum skilyrðum. Notkun verðtryggingarákvæðis virðist þó einungis vera valkostur. Slík ákvæði séu heimil samkvæmt landsrétti en ekki skyld og gildi ekki sjálfkrafa þegar ekki hefur verið samið sérstaklega um þau. Þar af leiðandi geti þau ekki talist endurspegla bindandi lög

í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Almenn sjónarmið um að túlka beri ákvæði EES-réttar sem miða að neytendavernd þröngt styðji þá niðurstöðu.

Álit dómstólsins

66 Það fellur undir lögsögu dómstólsins að túlka tilskipunina, viðauka hennar og þau viðmið sem landsdómstólnum ber að taka mið af við athugun á því hvort samningsskilmálar séu óréttmætir samkvæmt tilskipuninni.

67 Það álitaefni hvort samningsskilmálar um verðtryggingu eins og þeir sem um ræðir í máli þessu endurspegli lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði og séu þar af leiðandi undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er því á forræði landsdómstólsins (sjá til samanburðar mál C-488/11 *Asbeek Brusse and de Man Garabito*, dómur frá 30. maí 2013, birtur með rafrænum hætti, 33. mgr.). EFTA-dómstóllinn verður að takmarka sig við að veita leiðsögn sem landsdómstóllinn verður að taka mið af við mat á því hvort aðstæður eins og þær sem eru uppi í þessu máli falli undir 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

68 Samkvæmt 13. lið formálsorða tilskipunarinnar tekur undanþágan í 2. mgr. 1. gr. til skilmála sem endurspegla ákvæði landslaga sem samningsaðilar hafa ekki val um að gildi þeirra á milli eða sem gilda sjálfkrafa þegar ekki er um annað samið.

69 Undanþágan nær ekki aðeins til samningsskilmála sem endurspegla þau ákvæði landslaga sem gilda um ákveðinn flokk samninga heldur einnig til annarra samninga sem sú löggjöf nær til samkvæmt ákvæðum landslaga (sjá til samanburðar mál C-92/11 *RWE Vertrieb*, dómur frá 21. mars 2013, birtur með rafrænum hætti, 26. og 27. mgr.).

70 Þessi undanþága byggir á þeirri réttmætu ályktun að löggjafi aðildarríkis hafi í grundvallaratriðum komið í veg fyrir óréttmæta skilmála í neytendasamningum þar sem hinar bindandi reglur leiti jafnvægis á milli réttinda og skyldna samningsaðila. Frá sjónarhóli neytandans er það því sérstaklega mikilvægt að EES-ríki tryggi í reynd slíkt jafnvægi. Meta verður hvort svo sé í hverju tilviki fyrir sig ef vald er framselt.

71 Í þessu máli var samið um að veðlánið skyldi bundið vísitölu neysluverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði bundnu tilteknum skilyrðum, eins og nánar getur í 33. til 35. mgr. hér að framan.

72 Dómstóllinn bendir á að íslensk löggjöf heimili bindingu tiltekinna lána við vísitölu neysluverðs. Hagstofa Íslands hefur útreikning vísitölunnar með höndum. Hagstofa Íslands er óháður fagaðili sem heyrir undir forsætisráðherra Íslands. Vísitalan er háð ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði og útreikningur hinnar undirliggjandi grunnvísitölu eru útlistuð í lögum nr. 38/2001, lögum nr. 12/1995 og reglum Seðlabanka Íslands nr. 492/2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Reglur Seðlabankans eru háðar samþykki fjármála- og efnahagsráðherra samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2001.

73 Verðtryggingin virðist þó ekki vera ófrávíkjanleg, í þeim skilningi að skylt sé að verðtryggja fasteignalán. Engu að síður er ljóst af málsgögnum að verðtrygging er

útbreidd á Íslandi. Enn fremur er verðtrygging ekki regla sem á sjálfkrafa við í þeim tilvikum þar sem samningsaðilar hafa ekki sérstaklega samið um annað fyrirkomulag.

74 Að sama skapi virðast samningsaðilar að verulegu leyti bundnir af því kerfi sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum landsréttar ef þeir sammælast um að verðtryggja lán í samræmi við einn þeirra möguleika sem í boði eru samkvæmt íslenskum lögum. Sú virðist vera raunin ef aðilar ákveða að binda lán við vísitölu neysluverðs eins og lýst er í 33. til 35. mgr.

75 Að því marki sem hinir umdeildu samningsskilmálar endurspegla reglur íslensks réttar um verðtryggingu lána á grundvelli vísitölu neysluverðs standa ekki efnisleg rök til að gera greinarmun á skilmálum sem samkvæmt landsrétti verða að fylgja ákveðnum tegundum samninga, eins og til dæmis veðlánum, og skilmálum sem eru lögbundnir að efni til en samningsaðilar hafa val um hvort þeir leggi til grundvallar í lögskiptum sínum. Í hvorugu tilvikinu hefur ójöfn samningsstaða áhrif á efni skilmálans neytanda í óhag. Að því marki sem samningsaðilar verða að taka mið af samningsskilmálum sem endurspegla lagakerfi og regluverk landsréttar er það enn fremur svo að þær reglur gilda jafnt um lánveitendur og neytendur.

76 Undanþága samningsskilmála sem endurspegla lög og bindandi stjórnsýsluákvæði tekur því einnig til samningsskilmála sem aðilar eiga val um hvort þeir taki upp í samning en geta að öðru leyti ekki samið sérstaklega um efni þeirra verði þeir fyrir valinu. Sú réttmæta ályktun að komið hafi verið í veg fyrir óréttmæta samningsskilmála nær því jafnt til slíkra tilvika og tilvika þar sem samningsaðilar hafa ekkert val eða hafa ekki komið sér saman um annað fyrirkomulag.

77 Það leiðir því af 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og forsendum að baki kerfi neytendaverndarinnar sem tilskipunin kom á að einnig skal telja slíka samningsskilmála endurspegla lög og bindandi stjórnsýsluákvæði og því undanþegna gildissviði tilskipunarinnar. Almennar hugleiðingar um að undanþágur frá reglum EES-réttar um neytendavernd verði að túlka með þröngum hætti geta ekki breytt þeirri niðurstöðu.

78 Þar sem undanþága 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar á einungis við að því leyti sem samningsskilmálar endurspegla lög og bindandi stjórnsýsluákvæði verður að meta hvort og að hvaða marki reglur landsréttar séu tæmandi og seljandi eða veitandi hafi þar af leiðandi ekki rétt til þess að kveða einhliða á um tiltekin atriði í almennum skilmálum við samningsgerðina. Á hinn bóginn ber ekki að telja ákvæði landsréttar sem heimila samningsaðilum að semja um tiltekin atriði bindandi. Enn fremur getur lánveitanda verið skylt að láta neytanda í té tilteknar upplýsingar um þá samningsskilmála sem teljast bindandi (sjá til samanburðar C-472/10 *Invitel*, dómur frá 26. apríl 2012, birtur með rafrænum hætti, 29. mgr.). Um þetta atriði er nánar fjallað í 143. mgr. þessa dóms.

79 Það er í verkahring landsdómstólsins að taka afstöðu til hvort samningsskilmálar um verðtryggingu afborgana veðláns, eins og þeir sem um ræðir í máli þessu, skuli teljast

endurspegla lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Efni fyrstu spurningarinnar

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

80 Að því er efni fyrstu spurningarinnar varðar bendir stefnandi á að það samrýmist ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE að löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimili að samningur neytanda og veitanda um lán til fjármögnunar fasteignakaupa hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni vísitölu að því gættu að ástæður verðbreytinga eða aðferðin sem beitt er sé útskýrð skilmerkilega og rækilega í skuldabréfinu. Hins vegar telur stefnandi að upplýsingarnar sem veittar voru í þessu máli hafi ekki gert honum, sem neytanda, kleift að lesa út úr skilmálum samningsins umfang þeirrar skuldbindingar sem hann tekst á hendur fyrir eða við samningsgerðina. Engar leiðbeiningar sé að finna um hvaða áhrif verðtryggingin geti haft á greiðsluskylduna á samningstímanum. Til að svo mætti vera hefði þurft að taka fram öll atriði sem þýðingu hafa með skýrum og ótvíræðum hætti í samningnum.

81 Eigi tilskipunin við um mál þetta bendir stefndi á að í viðauka hennar sé að finna lista yfir þá skilmála sem geti talist óréttmætir. Sá listi sé þó ekki tæmandi og hafi ekki talist bindandi. Eins og lesa megi úr l-lið 1. mgr. viðaukans geti verðtrygging í sjálfu sér ekki talist óréttmæt. Jafnframt geti tilvitnaður liður ekki tekið til verðtryggingarinnar sem hér um ræðir þar sem hún sé ekki háð geðþóttaákvörðunum. Það leiði enn fremur af c- og d-lið 2. mgr. viðaukans við tilskipunina að notkun verðtryggingarákvæða teljist réttmæt að því gefnu að þau samrýmist lögum og að aðferðin við útreikning verðbreytinga sé rækilega útskýrð í samningi.

82 ESA heldur því fram, á sömu forsendum og stefndi, að í tilskipuninni sé ekki að finna almennt bann við því að fjármálafyrirtæki notist við verðtryggingarákvæði í veðlánum til neytenda. Þvert á móti komi skýrlega fram í d-lið 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar að verðtryggingarákvæði teljist ekki óréttmætir skilmálar í sjálfu sér ef vísitölubindingin er „lögleg“ og „aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi.“ Áherslan sé því á skýrleika og gæði þeirra upplýsinga sem seljandi eða veitandi lét neytandanum í té um verðtrygginguna við samningsgerðina.

83 ESA telur bæði skilyrði d-liðar 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar uppfyllt. Í fyrsta lagi sé skýr heimild fyrir því í VI. kafla laga nr. 38/2001 og reglum nr. 492/2001 að lán séu verðtryggð að því gefnu að vísitölubindingin stjórnist af hinni opinberu vísitölu neysluverðs. Í öðru lagi megi ráða af þeim upplýsingum sem landsdómstóllinn hafi veitt að verðtryggingin hafi verið rækilega útskýrð í samningnum. Skuldabréfið og greiðsluáætlunin sem því fylgdi innihaldi ákvæði sem útskýri sérstaklega að höfuðstóll skuldarinnar skuli breytast á hverjum gjalddaga, í samræmi við vísitölu neysluverðs, áður en vextir og afborgun séu reiknuð út.

84 Framkvæmdastjórnin telur að 3. og 4. gr. tilskipunarinnar mæli fyrir um meginreglur við mat á því hvort tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur en útiloki ekki notkun verðtryggingarákvæðis. 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar lesin með hliðsjón af viðauka hennar sýni þetta enn frekar. Það staðfesti ekki aðeins að listi skilmálanna í 1. mgr. viðaukans sé eingöngu leiðbeinandi heldur veiti l-liður 1. mgr., lesinn með hliðsjón af d-lið 2. mgr., einnig skýra staðfestingu á því að heimila megi verðtryggingarákvæði með því eina skilyrði að slíkur skilmáli innihaldi rækilega útskýringu á aðferðinni sem beitt er við útreikning verðbreytinga.

Álit dómstólsins

85 Til að þess að svör dómstólsins komi að sem mestu gagni og að teknu tilliti til þess möguleika að landsdómstóllinn telji að tilskipunin kunni að eiga við um samningsskilmála sem binda veðlán við vísitölu neysluverðs, samanber umfjöllun í 71. til 79. mgr. hér að framan, mun dómstóllinn einnig taka afstöðu til þeirra álitaefna sem tengjast næstu spurningum landsdómstólsins.

86 Með fyrstu spurningunni leitar landsdómstóllinn í aðalatriðum svars við því hvort tilskipunin leggi almennt bann við notkun samningsskilmála um verðtryggingu veðlána í samningum lánveitenda og neytenda.

87 Meginreglur um mat á því hvort tiltekinn samningsskilmáli teljist óréttmætur er að finna í 3., 4. og 5. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt tilskipuninni telst samningsskilmáli óréttmætur ef ekki hefur verið samið sérstaklega um hann og skilmálinn veldur þrátt fyrir skilyrðið um „góða trú“, umtalsverðu ójafnvægi réttinda og skyldna samningsaðila samkvæmt samningnum, neytanda til tjóns.

88 3. gr. tilskipunarinnar hefur aðeins að geyma almenn atriði um þá þætti sem geta gert það að verkum að samningsskilmáli teljist óréttmætur í ljósi hugtakanna um „góða trú“ og „umtalsvert ójafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila“ (sjá til samanburðar, mál C-478/99 *Framkvæmdastjórnin* gegn *Svíþjóð* [2002] ECR I-4147, 17. mgr.).

89 Í viðaukanum sem vísað er til í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er listi, leiðbeinandi en ekki tæmandi, yfir skilmála sem teljast óréttmætir. Skilmáli á listanum telst ekki endilega óréttmætur og skilmáli sem ekki er að finna á listanum getur engu að síður talist óréttmætur (sjá til samanburðar mál C-243/08 *Pannon GSM* [2009] ECR I-4713, 37. og 38. mgr.). Ef efni viðaukans nægir ekki eitt og sér til að slá því föstu að umdeildur samningsskilmáli teljist óréttmætur, er það engu að síður grundvallarþáttur sem þar til bær dómstóll getur byggt mat sitt um óréttmæti skilmálans á.

90 5. gr. tilskipunarinnar leggur jafnframt þá skyldu á seljanda eða veitanda að orða skilmála á eðlilegu og skiljanlegu máli. Í 20. lið formálsorða tilskipunarinnar er tekið fram að neytandi verði að fá tækifæri til þess að skoða alla skilmála samningsins.

91 Það fellur undir lögsögu dómstólsins að túlka hugtakið „óréttmætur samningsskilmáli“ eins og það er notað í 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar og viðauka hennar til að skýra þær

forsendur sem landsdómstólnum ber að beita þegar hann leggur mat á samningsskilmála með hliðsjón af tilskipuninni. Það er hins vegar landsdómstólsins að ákveða, að teknu tilliti til þeirra forsendna, hvort tiltekinn samningsskilmáli teljist í raun óréttmætur í ljósi atvika málsins.

92 Hvað varðar þá spurningu hvort tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur eða ekki segir í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar að því skuli svarað að teknu tilliti til þess um hvers konar vörur eða þjónustu samningurinn var gerður og með hliðsjón af öllum aðstæðum sem tengjast gerð samningsins. Í þessu máli verður landsdómstóllinn einnig að taka tillit til þess að vextir af verðtryggðu láni eru alla jafna lægri en þeir væru ef um óverðtryggt lán væri að ræða.

93 Einnig verður að gæta afleiðinga skilmálans samkvæmt þeim lögum sem eiga við um samninginn. Það þarf því að gæta að viðeigandi ákvæðum landsréttar (sjá til samanburðar mál C-226/12 *Constructora Principado*, dómur frá 16. janúar 2014, birtur með rafrænum hætti, 24. mgr.) sem felur í sér samanburð á lagalegri stöðu neytandans samkvæmt samningnum annars vegar og reglum landsréttar hins vegar. Til þess að svo megi verða er einnig nauðsynlegt að meta lagalega stöðu neytandans með hliðsjón af þeim úrræðum sem hann hefur að landsrétti til að koma í veg fyrir áframhaldandi beitingu óréttmætra skilmála (sjá til samanburðar mál C-415/11 *Aziz*, dómur frá 14. mars 2013, birtur með rafrænum hætti, 68. mgr.).

94 Við aðstæður þegar slíkt ójafnvægi myndast, þrátt fyrir skilyrðið um „góða trú“, verður landsdómstóllinn að meta hvort seljandi eða veitandi sem kemur fram við neytanda af sanngirni og réttlæti geti réttilega talið að neytandinn hefði fallist á slíkan samningsskilmála ef um hann hefði verið samið sérstaklega.

95 Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar skal mat á óréttmæti skilmálanna þó hvorki tengjast skilgreiningu á aðalefni samningsins né samanburði á verði og endurgjaldi, annars vegar, og þeirri þjónustu eða vöru sem kemur í staðinn, hins vegar, ef skilmálarnir eru á skýru og skiljanlegu máli.

96 Sú undanþága á þó ekki við í þessu máli þar sem 4. gr. tilskipunarinnar gerir ekki ráð fyrir skilmála sem felur í sér aðferð til að breyta verðlagi þeirrar þjónustu sem neytandanum er veitt (sjá til samanburðar, áður tilvitnað mál *Invitel*, 29. mgr.).

97 Af ofangreindum athugasemdum má sjá að tilskipunin leggur ekki skilyrðislaust bann við verðtryggingarákvæðum í samningum um veðlán eins og þeim sem hér um ræðir, þar sem 3. og 4. gr. tilskipunarinnar mæla einungis fyrir um meginreglur við mat á því hvort tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur og í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, með hliðsjón af d-lið 2. mgr. viðauka hennar, segir berum orðum að verðtryggingarákvæði teljist ekki óréttmætir skilmálar, í sjálfu sér, ef vísitölubindingin er „lögleg“ og „aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi.“

98 Það leiðir að sama skapi af viðeigandi ákvæðum viðaukans auk 3. mgr. 3. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar að skýrleiki og gæði upplýsinganna um verðtrygginguna sem seljandi eða veitandi veitti neytandanum á undirritunartíma samningsins hefur sérstaka þýðingu

við matið (sjá til samanburðar um það atriði, álit Wahls aðallögsögumanns frá 8. maí 2014 í sameinuðum málum C-359/11 og C-400/11 *Schulz and Egbringhoff*, birt rafrænt, 53. liður). Það er landsdómstólsins að meta hvort skilyrðin um skýrleika og gæði upplýsinga séu uppfyllt.

99 Fyrstu spurningunni verður því að svara þannig að tilskipun 93/13/EBE leggur ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu veðlána í samningum milli veitanda og neytanda. Það er landsdómstólsins að leggja mat á það hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Matið verður að taka mið af leiðbeiningum dómstólsins um skýringu hugtaksins „óréttmætur skilmáli“.

Önnur spurningin

100 Inntak annarrar spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort, ef gert er ráð fyrir að tilskipunin leggi ekki almennt bann við verðtryggingu veðlána, tilskipunin takmarki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við vísitölu neysluverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

101 Stefnandi telur tilskipunina ekki takmarka svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar. Þau skilyrði þurfi að vera uppfyllt að meðalneytandi sé fær um að skilja þá þætti, séu þeir rækilega útskýrðir í samningi, og að þeir stuðli að því að hann geti gert sér grein fyrir skuldbindingum sínum með allnokkurri vissu.

102 Stefndi heldur því fram að það leiði af 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar að henni sé einvörðungu ætlað að setja reglur um óréttmæta skilmála í samningum. Hún hafi ekki áhrif á vald EES-ríkis til að setja reglur um verðtryggingu lána sérstaklega sé slík verðtrygging órjúfanlegur þáttur hagkerfis landsins, það er til að tryggja og varðveita kaupmátt sparifjáreigenda.

103 Ríkisstjórn Íslands telur að tilskipunin takmarki ekki svigrúm EES-ríkja til að ákveða í landsrétti hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við vísitölu neysluverðs, eða eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar þar sem skilmálarnir sem um ræðir í máli þessu falli ekki innan gildissviðs tilskipunarinnar. Enn fremur varði þau ákvæði landsréttar sem lúta að vísitölunni og vísað er til í spurningu Héraðsdóms Reykjavíkur ekki samningsskilmálana í sjálfu sér. Falli ákvæðin því hvorki undir tilskipunina né takmarkist af henni.

104 Í öðru lagi telur ríkisstjórn Íslands, þrátt fyrir ofangreint, að þar sem landsréttur EES-ríkis muni þjóna sem viðmið landsdómstólsins við mat á því hvort samningsskilmálarnir teljist réttmætir geti breytingar á vísitölunni vegna þeirra þátta og aðferða sem kveðið er á um í ákvæðum landsréttar ekki einar og sér stutt þá niðurstöðu að samningsskilmálarnir sem vísa til vísitölunnar séu óréttmætir.

Tilskipunin geti ekki takmarkað ákvæði landsréttar í framkvæmd. Jafnvel þótt svo væri að tilskipunin gæti takmarkað þetta svigrúm, getur ríkisstjórnin ekki séð hvernig slíkt geti haft áhrif á það hvernig Hagstofa Íslands reiknar út vísitölu neysluverðs en hún er óháður aðili sem reiknar vísitöluna út í samræmi við evrópska staðla.

105 Eigi tilskipunin við heldur ESA því fram að samkvæmt d-lið 2. mgr. viðauka hennar sé þess einungis krafist að aðferðin við útreikning verðbreytinga sé útskýrð rækilega í samningnum, að því gefnu að verðtryggingarákvæði séu lögleg samkvæmt reglum landsréttar. Engar reglur séu fyrir hendi þar sem tekið er fram hvaða þáttum megi eða megi ekki taka mið af við útreikning breytinga á fyrirfram ákveðinni vísitölu.

106 Að mati ESA er tilskipuninni ekki ætlað að takmarka vald stjórnvalda aðildarríkis til að setja reglur um samningsskilmála. Stjórnvöldum ríkisins sé því frjálst að setja reglur um það hvaða þættir geti valdið breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og hvaða aðferðir skuli notaðar til að mæla þær breytingar. Sú staðreynd að bindandi lög og stjórnsýsluákvæði séu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sérstaklega undanskilin gildissviði hennar renni stoðum undir þá niðurstöðu að tilskipuninni sé ekki ætlað að taka til valds stjórnvalda aðildarríkis til að setja reglur um skilmála í neytendasamningum.

107 Að mati framkvæmdastjórnarinnar ætti að svara spurningunni neitandi þar sem ekkert komi fram í tilskipuninni um það efni. Framkvæmdastjórnin bendir sérstaklega á að í d-lið 2. mgr. viðauka hennar sé ekki kveðið á um nein sérstök skilyrði eða forsendur fyrir þeim þáttum sem taka beri mið af eða aðferð við útreikning.

Álit dómstólsins

108 Í upphafi bendir dómstóllinn á að svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar, sé ekki takmarkað.

109 Á grundvelli tilskipunarinnar er aðeins hægt að leggja mat á samningsskilmála sem heimilar verðtryggingu veðláns. Ef skilmálinn telst ekki endurspegla bindandi ákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar verður hann að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar til þess að teljast ekki óréttmætur, sérstaklega skilyrði d-liðar 2. mgr. viðaukans, þar sem segir að aðferðinni við útreikning verðbreytinga verði að lýsa með skýrum hætti í samningi að því gefnu að verðtryggingarákvæði séu lögleg fyrir umrædda tegund samninga samkvæmt landsrétti.

110 Þar af leiðandi verður að svara annarri spurningunni með þeim hætti að tilskipunin takmarki ekki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við hina íslensku vísitölu neysluverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar, að því gefnu að þeim sé lýst með skýrum hætti í samningnum.

Þriðja spurningin

111 Inntak þriðju spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsaminn í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar

> (a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast,
>
> (b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánssamningsins, og
>
> (c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

112 Stefndi ítrekar þá skoðun sína að verðtryggingarákvæðið sem um ræðir falli utan gildissviðs tilskipunarinnar. Lögsaga EFTA-dómstólsins nái til spurninga sem varða EES-samninginn, bókanir hans og viðauka.

113 Stefndi heldur því fram að upplýsingar þær sem stefnandi fékk við útgáfu skuldabréfsins hafi bæði verið í samræmi við 6. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994. Stefndi telur þar að auki að sérstaklega hafi verið samið um verðtryggingarákvæðið þar sem stefnanda buðust aðrir kostir og hefði til dæmis getað samið um óverðtryggt lán.

114 Íslenska ríkið telur að samningsskilmáli sem endurspegli ákvæði landsréttar, sem við eigi um slíka samninga falli utan gildissviðs tilskipunarinnar. Hins vegar muni samningsskilmálar sem ekki endurspegla ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 teljast ógildir að landsrétti nema þeir séu lántaka til hagsbóta. Samkvæmt því endurspegli verðtryggingarákvæði annað hvort ákvæði íslenskra laga og falli utan gildissviðs tilskipunarinnar eða endurspegli ekki íslensk lög og séu því ekki gild að íslenskum rétti. Á þeim forsendum, telur ríkisstjórn Íslands að spurningin sé fræðilegs eðlis og því ekki dómtæk þar sem svarið við henni geti, í ljósi svara við fyrri spurningunum, ekki haft nein áhrif á mat landsdómstólsins sem málið er rekið fyrir.

115 Að þessu virtu og að því gefnu að spurningunni sé ekki vísað frá dómi telur ríkisstjórn Íslands að það sé hlutverk landsdómstólsins að meta hvort samið hafi verið sérstaklega um verðtryggingarákvæðið í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

116 ESA heldur því einnig fram að það sé landsdómstólsins að meta hvort samið hafi verið sérstaklega um samningsskilmálana sem um ræðir í skilningi 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Dómstóllinn geti veitt leiðbeiningar um það hvenær telja megi að sérstaklega hafi verið samið um samningsskilmála.

117 Ef gengið er út frá því að tilskipunin eigi við telur ESA óljóst að það hafi nokkra þýðingu við úrlausn málsins sem rekið er fyrir landsdómstólnum hvort sérstaklega hafi verið samið um skilmálana. ESA vísar til eigin skýrslu, frá árinu 2001, um beitingu tilskipunar 93/13/EBE. Í skýrslunni komi fram að Ísland hafi opnað fyrir þann möguleika að mat verði lagt á óréttmæti allra skilmála neytendasamninga á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, einnig þeirra sem sérstaklega hafi verið samið um. Slík aukin vernd sé sérstaklega heimiluð í 8. gr. tilskipunarinnar. Í öllu falli telur ESA enga vísbendingu að finna um það í beiðni landsdómstólsins að samið hafi verið sérstaklega um skilmálana.

118 Hvað varðar skilyrði (a) telur ESA að hvorugur samningsaðilinn hafi getað samið sérstaklega um grunnvísitöluna eða útreikning á henni þar sem þau atriði séu lögbundin. Hvað varðar skilyrði (b) segir ESA að sú staðreynd að greiðsluáætlun hafi fylgt skuldabréfinu sem sundurliðaði áætlaðar greiðslur á gjalddögum lánsins breyti ekki niðurstöðu mats hennar á því atriði. Sérstaklega sé tekið fram í greiðsluáætluninni að hún sé aðeins áætlun sem geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánssamningsins. Enn fremur séu upplýsingarnar sem veittar hafi verið í samræmi við viðeigandi ákvæði landslaga, það eru ákvæði laga nr. 38/2001 og reglna nr. 492/2001. Hvað varðar skilyrði (c) tekur ESA fram að sú staðreynd að báðir aðilar hafi undirritað greiðsluáætlunina breyti ekki mati hennar. Efni greiðsluáætlunarinnar sé ekki umsemjanlegt þar sem hún byggi á spá um væntanlegar afborganir samkvæmt skuldabréfinu sem ræðst af mánaðarlegum útreikningi vísitölu neysluverðs.

119 Framkvæmdastjórnin telur að það sé landsdómstólsins að meta hvort telja beri að samið hafi verið sérstaklega um verðtryggingarákvæðið, að teknu tilliti til allra aðstæðna. Við slíkt mat verði að taka sérstakt tillit til 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Við fyrstu sýn virðist að þær upplýsingar sem fylgi beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur bendi til þess að verðtryggingarákvæði hafi bæði verið staðlaður skilmáli hjá bankanum og hluti af stöðluðu skjali. Framkvæmdastjórnin telur jafnframt að ef bankinn haldi því engu að síður fram að samið hafi verið sérstaklega um samningsákvæðið beri hann sönnunarbyrði fyrir því að svo sé í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Álit dómstólsins

120 Af gögnum málsins virðist mega ráða að aðilar samnings geti samkvæmt 4. gr. reglna Seðlabankans nr. 492/2001 komið sér saman um grunnvísitölu. Engu að síður er óljóst við skoðun gagnanna hvort banki geti ákveðið einhliða hvaða grunnvísitala lántaka, í skilningi tilskipunarinnar, býðst og, ef svo er, hvort sú hafi verið raunin í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum.

121 Hvað þetta atriði varðar minnir dómstóllinn á að það er í verkahring landsdómstólsins að taka afstöðu til þess, að virtum öllum atvikum málsins, hvort sérstaklega hafi verið samið um þá samningsskilmála sem tekist er á um í málinu sem hann hefur til meðferðar (sjá til samanburðar, áður tilvitnað mál *Constructora Principado*, 19. mgr.).

Dómstóllinn verður að takmarka álit sitt við að leiðbeina landsdómstólnum um það atriði hvenær líta beri svo á að samið hafi verið sérstaklega um samningsskilmála.

122 Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að við slíkt mat teljist ekki hafa verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrirfram og neytandi hefur ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni hans, einkum þegar um er að ræða fastorðaða staðalsamninga. Þótt samið hafi verið sérstaklega um einstök atriði samningsskilmála eða efni tiltekins samningsskilmála gildir tilskipunin áfram um önnur atriði samnings ef heildarmat á honum sýnir að hann er þrátt fyrir það fastorðaður staðalsamningur. Loks segir í þriðja undirlið 2. mgr. 3. gr. að ef seljandi eða veitandi heldur því fram að samið hafi verið sérstaklega um staðalskilmála beri hann sönnunarbyrðina fyrir því.

123 Það leiðir af 8. gr. tilskipunarinnar að hún kveður á um lágmarkssamræmingu. Það er því í verkahring landsdómstólsins að taka afstöðu til hvort sú íslenska löggjöf sem við á veiti ríkari vernd. Sérstaklega verður landsdómstóllinn að meta hvort sú vernd gegn óréttmætum skilmálum í neytendasamningum sem mælt er fyrir um í 36. gr. til 36 gr. d, laga nr. 7/1936 feli í sér ríkari vernd með þessum hætti og hvort hún nái einnig til skilmála sem samið hefur verið sérstaklega um.

124 Hvað spurninguna sjálfa varðar verður í fyrsta lagi að hafa í huga að það eitt að tekið sé fram í skuldabréfinu að skuldbindingin sé verðtryggð og tilgreint sé við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast þýðir ekki að telja þurfi samningsskilmála sérstaklega umsaminn. Í öðru lagi verður með sama hætti að leggja mat á þýðingu þess að skuldabréfinu hafi fylgt yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins. Tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánssamningsins. Í þriðja lagi getur það ekki breytt því mati sem verður að fara fram samkvæmt 2. mgr. 3. gr. að báðir aðilar hafi undirritað greiðsluyfirlitið. Nánar tiltekið er efni greiðsluáætlunarinnar ekki umsemjanlegt þar sem hún byggir á spá um væntanlegar afborganir samkvæmt skuldabréfinu sem ræðst af mánaðarlegum útreikningi vísitölu neysluverðs.

125 Þar af leiðandi er ekkert í beiðni landsdómstólsins sem bendir til þess að sérstaklega hafi verið samið um efni skuldabréfsins sem málið sem þar er rekið snýst um. Ef stefndi heldur öðru fram er það hans að færa sönnur á að svo sé samkvæmt 3. undirlið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Af gögnum sem fylgja beiðninni virðist aftur á móti mega ráða að verðtryggingarákvæðið hafi hvort tveggja verið staðlaður skilmáli hjá bankanum og hluti af stöðluðu skjali.

126 Í ljósi þess sem rakið er hér að framan verður að svara þriðju spurningunni með þeim hætti að það sé landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samið hafi verið sérstaklega um tiltekinn samningsskilmála í skilningi 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE.

Fjórða spurningin

127 Inntak fjórðu spurningar landsdómstólsins er í aðalatriðum hvort telja beri að aðferðinni við útreikning verðbreytinga í lánssamningi um fjármögnun fasteignakaupa

hafi verið lýst rækilega fyrir neytanda í skilningi d. liðar 2. gr. viðauka tilskipunarinnar þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í þriðju spurningunni.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

128 Stefnandi heldur því fram að verðtryggingin sé almennt lögleg þótt því fari fjarri að aðferðin við útreikning verðbreytinga, það er undirliggjandi forsendur útreiknings vísitölunnar, sé rækilega útskýrð. Í skuldabréfinu komi fram sú meginregla að lánið skuli tengt við vísitölu neysluverðs. Þar sé einnig útskýrt nokkuð ítarlega hvernig höfuðstóllinn breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Þessar upplýsingar geri stefnanda þó ekki kleift að lesa úr skilmálum samningsins umfang þeirrar skuldbindingar sem hann tekst á hendur fyrir eða við samningsgerðina. Engar leiðbeiningar sé að finna um hvaða áhrif verðtryggingin geti haft á greiðsluskylduna á samningstímanum. Til að svo mætti vera hefði þurft að taka fram öll atriði sem þýðingu hafa með skýrum og ótvíræðum hætti í samningnum.

129 Að því gefnu að tilskipunin eigi við um skuldabréfið telur stefndi að á útgáfudegi þess hafi reglur landsréttar gilt um hvaða upplýsingar um skilmála neytendalána yrði að láta neytendum í té meðal annars um verðtryggingarákvæði veðlána. Stefndi segist sannarlega hafa farið að þessum reglum það er að segja 6. og 12. gr. laga nr. 121/1994.

130 Að því gefnu að spurningunni verði ekki vísað frá dómi telur íslenska ríkisstjórnin að d-liður 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar, sem ætlað sé að afmarka gildissvið l-liðar 1. mgr. viðaukans, hafi ekki áhrif á málið sem rekið er fyrir landsdómstólnum. Verðtrygging höfuðstóls láns teljist ekki breyting á verði vöru eða þjónustu á samningstímabilinu. Henni sé fremur ætlað að tryggja að höfuðstóll lánsins haldist stöðugur á uppgreiðslutíma þess og lækki ekki vegna verðbólgu á því tímabili. Þar að auki heimili íslensk löggjöf verðtryggingu lána eingöngu í tengslum við hina opinberu vísitölu neysluverðs. Þar af leiðandi geti lánveitendur ekki einhliða breytt þeirri fjárhæð sem lántakar skulda.

131 Ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að d-liður 2. gr. viðaukans eigi við um verðtryggingarákvæðin sem um ræðir telur ríkisstjórn Íslands að líta megi á upplýsingarnar sem veittar hafa verið sem rækilega útskýringu á aðferðinni við útreikning verðbreytinga sérstaklega þar sem upplýsingar um vísitölu neysluverðs séu aðgengilegar öllum. Ríkisstjórnin bendir á að vísað hafi verið til grunnvísitölunnar á undirritunardegi lánsins og að láninu hafi fylgt greiðsluáætlun með lýsandi dæmi um áætlaðar afborganir sem byggðist á þeim forsendum sem gefnar voru. Ekki sé þó hægt að slá því almennt föstu hvort slíkt skjal með dæmum lýsi aðferðinni við útreikning verðbreytinga með skýrum hætti. Þar af leiðandi sé það landsdómstólsins að meta hvort svo sé með hliðsjón af hinu raunverulega skjali, öllum aðstæðum og vitneskju samningsaðila.

132 Í upphafi og ef talið verður að tilskipunin eigi við vill ESA taka fram að íslensk þýðing viðeigandi ákvæðis viðauka tilskipunarinnar sé frábrugðin enskri útgáfu textans. Í ensku þýðingunni er notað orðalagið: „explicitly described“ í stað hins íslenska: „útskýrð rækilega“. Þýðingar á öðrum málum eru: á frönsku: „explicitement décrit“; á

þýsku: „ausdrücklich beschrieben“; á ítölsku: „siano esplicitamente descritte“; á spænsku: „se describa explícitamentre“; á dönsku: „udførligt beskrevet“; og á sænsku: „beskrivs tydligt“.

133 ESA telur að hugtakið beri að skýra í samræmi við fyrrnefndar þýðingar tilskipunarinnar. Með öðrum orðum að aðferðina við útreikning verðbreytinga verði að útskýra með skýrum hætti.

134 ESA telur jafnframt að það sé landsdómstólsins að meta hvort verðtryggingarákvæði hafi verið útskýrt með nægilega skýrum hætti í viðeigandi skjölum í skilningi d-liðar 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar. Hafa verði hliðsjón af 5. gr. tilskipunarinnar þegar metið er hvort svo sé og jafnframt að meta beri réttmæti viðskiptavenju gagnvart hinum „almenna neytanda“ sem teljist „sæmilega vel upplýstur og sæmilega athugull og forsjáll“ að virtum félagslegum, menningarlegum og tungumálalegum þáttum.

135 ESA heldur því fram að aðstæðurnar sem lýst er í beiðninni um ráðgefandi álit gefi til kynna að aðferðin við útreikning verðbreytinga í samningum um lán til fjármögnunar fasteignakaupa hafi verið útskýrð fyrir neytandanum með nægilega skýrum hætti. Sér í lagi virðist samningurinn endurspegla þá aðferð við útreikning sem vísað sé til með beinum hætti í VI. kafla laga nr. 38/2001 og reglum nr. 492/2001. Að öllu gættu uppfylli þær upplýsingar sem veittar voru um endurskoðun höfuðstóls lánsins og um útreikning afborgana samkvæmt verðbréfinu og greiðsluáætluninni sem því fylgdi skilyrði tilskipunarinnar.

136 Framkvæmdastjórnin heldur því fram að það hvort aðferðin við útreikning verðbreytinga hafi verið útskýrð rækilega, eins og krafa sé gerð um í d-lið 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar, sé afgerandi þáttur þessa máls. Slíkt geri neytandanum kleift að taka upplýsta ákvörðun áður en hann undirritar samninginn. Meðal þátta sem líta verði til í því sambandi séu þau atriði sem vísað sé til í a- og b-hluta þriðju spurningarinnar ásamt tildrögum skilmálans í heild sinni. Einnig verði að horfa til allra annarra atvika sem skipt geti máli þar með talið hvort, og þá að hversu miklu leyti, skilmálinn sé í samræmi við ákvæði landsréttar um verðtryggingu.

137 Þá segir framkvæmdastjórnin að í þeim tilfellum þar sem vaxtagreiðslur af lánum eru verðtryggðar sé ljóst að greiðsluáætlun geti, eðli málsins samkvæmt, ekki sagt fyrir um nákvæmar afborganir í framtíðinni. Þó uppfylli skýr og afdráttarlaus yfirlýsing um að afborganirnar kunni að breytast í samræmi við tilgreinda vísitölu ásamt sérstakri tilvísun til þeirrar verðtryggingaraðferðar sem notast er við yfirleitt framangreind skilyrði um gagnsæi.

Álit dómstólsins

138 Ef tilskipunin á við um mál þetta verður að athuga að íslensk þýðing hennar er efnislega frábrugðin öðrum útgáfum ákvæðisins meðal annarra hinni ensku, norsku, þýsku, frönsku, dönsku, sænsku, ítölsku og spænsku. Í þeim útgáfum er notast við orðalagið „rækilega lýst“ (e. explicitly described) en ekki „útskýrð rækilega“ (e. explicitly explained).

139 Ef ósamræmi er á milli ákvæða tilskipunar eftir því á hvaða tungumáli hún er ber að leggja til grundvallar að útgáfan á því tungumáli sem endurspeglar markmið og heildarsamhengi ákvæðisins við reglur tilskipunarinnar, svo og meginreglur EES-réttar, lýsi merkingu ákvæðisins að EES-rétti (sjá til samanburðar áður tilvitnað mál *Irish Bank*, 84. til 99. mgr.). Þar af leiðandi er þess krafist samkvæmt d-lið 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar að aðferðinni við útreikning verðbreytinga sé „rækilega lýst“ en ekki að hún sé „rækilega útskýrð“.

140 Hvað spurningu landsdómstólsins varðar þá nær lögsaga EFTA-dómstólsins til túlkunar hugtaksins „óréttmætur samningsskilmáli“ eins og það er notað í 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar og viðauka hennar að því gættu að það er landsdómstólsins að meta, á grundvelli þeirra viðmiða, hvort tiltekinn samningsskilmáli sé í raun óréttmætur miðað við atvik málsins og hvort aðferðinni við útreikning verðbreytinga veðláns til fjármögnunar á fasteignakaupum hafi verið rækilega lýst.

141 Það er ákaflega mikilvægt að neytandi fái nægilegar upplýsingar um skilmála samnings og afleiðingar hans áður en hann samþykkir hann. Þetta á sérstaklega við í tilvikum þar sem aðilar koma sér saman um verðtryggingu sem leiðir sjálfkrafa til breytinga á höfuðstól skuldarinnar líkt og bindingu við vísitölu neysluverðs í þessu tilviki. Það er á grundvelli þeirra upplýsinga sem neytandi ákveður hvort hann vilji skuldbinda sig eða ekki samkvæmt skilmálum sem seljandinn eða veitandinn hefur samið fyrir fram.

142 Samkvæmt framansögðu hefur einnig grundvallarþýðingu að þessu leyti, í fyrsta lagi, hvort samningurinn lýsi framkvæmd verðtryggingar láns með gegnsæjum hætti svo að neytandi geti séð fyrir, á grundvelli skýrra og skiljanlegra forsendna, þær breytingar sem orðið geta á höfuðstól lánsins (sjá til samanburðar um það atriði áður tilvitnað mál *Invitel*, 24., 26. og 28. mgr.).

143 Það er ljóst að skyldunni til að vekja athygli neytandans á þeirri aðferð sem notuð er við útreikning á verðbreytingum afborgana er ekki fullnægt með því einu að vísa í samningnum til laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem kveða á um réttindi og skyldur aðila. Það er lykilatriði að seljandi eða veitandi upplýsi neytanda um efni viðeigandi ákvæða (sjá til samanburðar um það atriði, áður tilvitnað mál *Invitel*, 29. mgr.).

144 Í þessu máli verður að meta hvort „aðferðinni við útreikning verðbreytinga“ hafi verið lýst í verðtryggingarákvæðinu með skýrum og skiljanlegum hætti í samræmi við d-lið 2. mgr. viðauka tilskipunarinnar. Slík lýsing verður að gefa neytandanum færi á að taka upplýsta ákvörðun áður en hann undirritar samninginn. Meðal viðeigandi þátta eru þau atriði sem vísað er til í a- og b-hluta þriðju spurningarinnar ásamt tildrögum skilmálans í heild sinni, og allar aðrar aðstæður sem skipt geta máli, eins og framkvæmdastjórnin hefur bent á.

145 Þegar afborganir láns eru verðtryggðar má, eðli málsins samkvæmt, finna spá um væntanlegar afborganir í greiðsluáætlun. Slík spá getur aðeins í undantekningartilvikum og fyrir tilviljun samsvarað hinum raunverulegu afborgunum sem krafist er. Þar af leiðandi verður samningurinn að innihalda skýra og

afdráttarlausa yfirlýsingu um að afborganirnar kunni að breytast í samræmi við tilgreinda vísitölu ásamt sérstakri lýsingu á og tilvísun til þeirrar verðtryggingaraðferðar sem notast er við.

146 Því verður að svara fjórðu spurningunni með þeim hætti að það sé landsdómstólsins að meta hvort samningsskilmáli um verðtryggingu afborgana af láni til fjármögnunar á fasteignakaupum skuli teljast hafa verið lýst fyrir neytandanum með skýrum og skiljanlegum hætti. Slíkt mat verður að taka mið af nákvæmu orðalagi viðeigandi samningsskilmála og öllum öðrum aðstæðum, þar á meðal þeim sem vísað er til í a- og b-hluta þriðju spurningar landsdómstólsins, auk ákvæða landsréttar um verðtryggingu.

Fimmta spurningin

147 Til að geta veitt landsdómstólnum eins gagnlega túlkun á EES-rétti og frekast er unnt, er nauðsynlegt að líta á fimmtu spurninguna þannig að með henni sé spurt, í aðalatriðum, hvaða skyldur leiði af 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar í tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli teljist óréttmætur samkvæmt tilskipuninni.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

148 Stefnandi heldur því fram að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar og dómaframkvæmd í tengslum við hana sé EES-ríkjum skylt að taka upp í landsrétt ákvæði um að óréttmætir samningsskilmálar í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skuli ekki skuldbinda neytanda. EES-ríki geti ekki vikið frá skyldunni til að leysa neytanda frá skuldbindingu óréttmæts samningsskilmála.

149 Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar telur stefnandi einnig að samningur sem inniheldur óréttmætt ákvæði skuli áfram skuldbinda samningsaðila ef mögulegt er að viðhalda samningnum án hins óréttmæta ákvæðis. Hann telur ljóst að það sé mögulegt í þessu máli. Samningurinn verði þá einfaldlega venjulegur, óverðtryggður samningur um veðlán til neytenda.

150 ESA telur að spurningin sé, í máli sem þessu, einungis fræðilegs eðlis þar sem ljóst sé af upplýsingum sem fylgt hafi beiðninni um ráðgefandi álit að íslenski löggjafinn hafi þegar valið aðferð við innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Dómurinn sé þó bær til þess að endurorða spurninguna telji hann ráðlegt að leiðbeina landsdómstólnum um þær skyldur sem leiði af 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar í tilvikum þar sem dómstóll aðildarríkis kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur í skilningi tilskipunarinnar.

151 Hvað skyldu dómstóla aðildarríkjanna til að skýra ákvæði landsréttar til samræmis við EES-rétt varðar bendir ESA á að 3. gr. EES-samningsins mæli fyrir um að EES-ríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja beitingu og virkni EES-réttar. ESA telur enn fremur að það sé viðurkennd dómaframkvæmd að landsdómstóli sem hefur mál til meðferðar sem tilskipunin tekur til beri að meta sanngirni samningsskilmálanna að eigin frumkvæði.

152 Samkvæmt framansögðu telur ESA að í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar sé gerð krafa um að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstól að (i) kveða upp úrskurð í samræmi við það og (ii) sjá til þess að afleiðingarnar séu þær að tryggt sé að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann; og ákveða hvort samningurinn geti „haldið gildi sínu að öðru leyti án óréttmætu skilmálanna“ og (aðeins) ef svo er að „samningurinn verði áfram bindandi fyrir samningsaðila“.

153 Loks telur ESA að 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar kveði á um að viðeigandi tímapunktur til að skoða hvort tiltekinn skilmáli sé óréttmætur í skilningi tilskipunarinnar sé við undirritunartíma samningsins sem um ræðir. Með öðrum orðum geti skilmáli sem telst réttmætur á þeim tímapunkti ekki talist verða óréttmætur samkvæmt tilskipuninni síðar á gildistíma samningsins. Eins geti óréttmætur skilmáli heldur ekki talist réttmætur með tímanum eða vegna breytinga sem eiga sér stað eftir undirritun samningsins.

154 Í tengslum við þá spurningu hvort skylt sé að sjá til þess að óréttmætur samningsskilmáli teljist óskuldbindandi fyrir neytandann að landsrétti tekur framkvæmdastjórnin fram að í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar sé skýrt kveðið á um að óréttmætir samningsskilmálar „séu ekki“ bindandi fyrir neytandann.

155 Stefndi og ríkisstjórn Íslands eru sammála um að samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar sé EES-ríkjum skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að óréttmætir skilmálar í samningi sem seljandi eða veitandi gerir við neytanda séu ekki bindandi fyrir neytandann. EES-ríki hafi þó val um form og aðferð við innleiðingu samkvæmt 7. gr. EES-samningsins í samræmi við meginregluna um forræði á réttarfari með þeim takmörkunum sem leiði af meginreglunum um jafnræði við málsmeðferð og um skilvirka framkvæmd EES-réttar. Það er því mat ríkisstjórnarinnar að nægilegt sé að ríki veiti dómstólum sínum vald til að ógilda óréttmæta samningsskilmála ef þeim er skylt að beita því valdi vegna skilmála sem þeir telja óréttmæta samkvæmt tilskipuninni.

156 Hvað stöðuna að íslenskum rétti varðar telur ríkisstjórn Íslands, með vísan til 36. gr. a og 36. gr. c laga nr. 7/1936, að 36. gr. sömu laga taki jafnt til samningsskilmála sem talist geti óréttmætir samkvæmt tilskipuninni og skilmála sem einvörðungu geti talist ógildir eða óréttmætir á grundvelli ákvæða landslaga. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 sé íslenskum dómstólum skylt að skýra lög og reglur landslaga til samræmis við samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt þeirri skyldu og í samræmi við stjórnskipulega lögsögu þeirra verði íslenskir dómstólar að ógilda samningsskilmála sem þeir telja óréttmæta í skilningi þeirra lagaákvæða sem innleiddu tilskipunina.

157 Íslenska ríkið heldur því fram að útkoman fyrir neytandann sé þar með sú sama í reynd óháð því hvort landsréttur skyldi dómstóla til að ógilda óréttmæta samningsskilmála eða veiti þeim aðeins vald til þess.

Álit dómstólsins

158 Í ljósi þeirra miklu almannahagsmuna sem liggja að baki vernd neytenda sem eru í veikri stöðu gagnvart seljendum eða veitendum er gerð sú krafa til EES-ríkja samkvæmt tilskipuninni, eins og ljóst er af 1. mgr. 7. gr. með hliðsjón af 24. lið formálsorða hennar, að þau skapi réttar og árangursríkar leiðir „til að hindra áframhaldandi notkun óréttmætra skilmála í neytendasamningum“.

159 Í 3. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um að EES-ríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja beitingu og virkni EES-réttar. Það er órjúfanlegur hluti af markmiðum EES-samningsins að dómstólum aðildarríkjanna beri skylda til að skýra ákvæði landsréttar til samræmis við EES-rétt eins og þeim er frekast unnt. Þeir verða þar af leiðandi að beita viðurkenndum lögskýringaraðferðum landsréttar, eins og þeim er frekast unnt, til að ná fram þeirri niðurstöðu sem viðeigandi regla EES-réttar stefnir að (sjá mál E-6/13 *Metacom AG* gegn *Rechtsanwälte Zipper & Collegen* [2013] EFTA Ct. Rep. 856, 69. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).

160 Nauðsynlegt er að vísa jafnt til orðalags 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar sem og til markmiða og heildarkerfisins að baki ákvæðinu til að meta afleiðingar þess að samningsskilmáli teljist óréttmætur (sjá til samanburðar um það atriði, mál C-482/07 *AHP Manufacturing* [2009] ECR I-7295, 27. mgr. og mál C-125/10 *Merck Sharp & Dohme Corp.* [2011] ECR I-12987, 29. mgr.).

161 Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar hafa EES-ríkin sjálfræði upp að vissu marki um útfærslu á þeim lagareglum sem eiga við um óréttmæta skilmála. Engu að síður er þeim skýrlega gert að mæla svo fyrir að slíkir skilmálar „séu ekki [...] bindandi fyrir neytandann og að samningurinn verði áfram bindandi fyrir samningsaðila ef hann getur haldið gildi sínu að öðru leyti án óréttmætu skilmálanna.“

162 Af viðurkenndri dómaframkvæmd leiðir að þegar lagalegar forsendur og staðreyndir máls leyfa ber landsdómstólnum skylda til að meta að eigin frumkvæði hvort samningsskilmáli sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar sé óréttmætur. Þannig er bætt fyrir það ójafnræði sem ríkir milli neytanda og seljanda eða veitanda (sjá til samanburðar mál C-280/13 *Barclays Bank,* dómur frá 30. apríl 2014, birtur með rafrænum hætti, 34. mgr. og áður tilvitnað mál *Aziz*, 46. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til).

163 Það er því landsdómstólsins að slá því föstu hvaða reglur landsréttar gilda um málið sem rekið er fyrir honum, nýta öll þau úrræði sem felast í lögsögu hans, skoða málið í ljósi allra ákvæða landsréttar og beita viðurkenndum lögskýringaraðferðum með það fyrir augum að tryggja virkni 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að fullu og að niðurstaðan sé í samræmi við markmið hennar (sjá, varðandi þetta atriði, mál C-282/10 *Dominguez*, dómur frá 24. janúar 2012, birtur með rafrænum hætti, 27. mgr., og dómaframkvæmd sem þar er vitnað til og mál C-618/10 *Banco Español de Crédito*, dómur frá 14. júlí 2012, birtur með rafrænum hætti, 58. mgr.).

164 Af 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar leiðir að dómstólum aðildarríkjanna er einungis gert að koma í veg fyrir beitingu óréttmæts samningsskilmála þannig að hann verði ekki bindandi fyrir neytandann án þess að þeir hafi einnig heimild til að endurskoða efni

skilmálans. Samningurinn verður, að meginstefnu, að halda gildi sínu (sjá til samanburðar um það atriði, mál C-26/13 *Kásler and Káslerné Rábai*, dómur frá 30. apríl 2014, birtur með rafrænum hætti, 80. til 84. mgr.) án annarra breytinga en þeirra að hinir óréttmætu skilmálar eru felldir út að því marki sem reglur landsréttar leyfa.

165 Í ljósi framangreindra atriða er svarið við fimmtu spurningunni að 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verði að túlka með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstól að tryggja að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta skilmála að því marki sem reglur landsréttar leyfa.

V Málskostnaður

166 Ríkisstjórn Íslands, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem skilað hafa greinargerðum til EFTA-dómstólsins, skulu hver bera sinn málskostnað. Þar sem um er ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila.

Með vísan til framangreindra forsendna lætur,

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningar þær sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til dómstólsins, á þeim forsendum og að svo miklu leyti sem samningsskilmálar um verðtryggingu afborgana veðláns, eins og þær sem deilt er um í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum, teljast ekki endurspegla lög eða bindandi stjórnsýsluákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/13/EBE:

1. **Tilskipun 93/13/EBE leggur ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu veðlána í samningum milli veitanda og neytanda. Það er landsdómstólsins að meta hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Matið verður að taka mið af skýringu dómstólsins á hugtakinu „óréttmætur skilmáli“.**

2. **Tilskipun 93/13/EBE takmarkar ekki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við hina íslensku vísitölu neysluverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar að því gefnu að þeim sé lýst með skýrum hætti í samningnum.**

3. **Það er landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samið hafi verið sérstaklega um tiltekinn samningsskilmála í skilningi 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE.**

4. **Það er landsdómstólsins að meta hvort samningsskilmála um verðtryggingu afborgana af láni til fjármögnunar á fasteignakaupum skuli teljast hafi verið lýst fyrir neytandanum með skýrum og skiljanlegum hætti. Slíkt mat verður að taka mið af nákvæmu orðalagi viðeigandi samningsskilmála og öllum öðrum aðstæðum, þar á meðal þeim sem vísað er til í a- og b-hluta þriðju spurningar landsdómstólsins, auk ákvæða landsréttar um verðtryggingu.**

5. **1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verður að túlka með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstól að tryggja að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta skilmála að því marki sem reglur landsréttar leyfa.**

Carl Baudenbacher Per Christiansen Páll Hreinsson

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 28. ágúst 2014.

Philipp Speitler
Settur dómritari

Carl Baudenbacher
Forseti